

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík 17. ágúst 2016
UST201607-085/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi í landi Grafar, Flúðum, Hrunamannahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi í landi Grafar, Flúðum, Hrunamannahreppi.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að ofangreint skipulagssvæði er innan þéttbýlisins að Flúðum og afmarkast af Litlu-Laxá sem bugðast í skeifulaga formi suður af Hvammsvegi. Umhverfisstofnun bendir á að ekkert kemur fram um stærð skipulagssvæðisins.

Fráveita

Í lýsingu kemur fram að skoðað verði hvernig frárennismál verði leyst innan reitsins. Umhverfisstofnun tekur undir það og minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.


Náttúruminjar


Í lýsingu kemur fram svæðið er að miklu leyti raskað af mannavöldum þ.e. vegna túnræktar en að árbakkinn hafi helst gildi vegna tegundaauðgi plantna og fugla. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að bakkar Litlu – Laxár verði verndaðir fyrir framkvæmdum og að göngustígar verði áætlaðir um bakkana svo almenningur geti notið tegundaauðugu svæðanna.

Í lýsingu kemur einnig fram að á svæðinu eru nokkrir þekktir jarðhitastaðir og að þekktastir þeirra séu hverirnir Fúll og Grafarhver og að aðrir hverir séu úti í ánni og meðfram árbakkanum. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengjast þeim og virkri ummyndun og útfellingum þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum, sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c.lið 3. gr. sömu laga og ber að forðast að raska slíkum jarðminjum og vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að tekið sé fullt tillit til hverasvæða við gerð deiliskipulags.

Umhverfisstofnun bendir á að best fer á því að í upphafi lýsingar komi fram skýrar upplýsingar um skipulagssvæðið og stærð þess.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

